

Osmo stjórnar Mahler

.....
FIMMTUDAGUR 2.2.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Söngvarnir eftir Alban Berg taka um 15 mínútur í flutningi en símfónía Mahlers er ríflega 80 mínútur að lengd.

Söngtextar eru á bls. 12.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

OSMO STJÓRNAR MAHLER

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 2. FEBRÚAR 2012 KL. 19.30

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri

Helena Juntunen einsöngvari

Alban Berg

Sieben frühe Lieder (1905–08/úts. 1928)

Nacht

Schilflied

Die Nachtigall

Traumgekrönt

Im Zimmer

Liebesode

Sommertage

Hlé

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 6 (1903–04)

Allegro energico, ma non troppo

Scherzo. Wuchtig

Andante

Finale. Allegro moderato – Allegro energico

Osmo Vänskä

hljómsveitarstjóri



Osmo Vänskä stendur á hátindi ferils síns um þessar mundir og hefur hlotið lof víða um heim fyrir frábæra túlkun sína. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Minnesota-hljómsveitarinnar árið 2003 og hefur vakið mikla athygli fyrir starf sitt þar. Meðal helstu afreka hans með hljómsveitinni má nefna hljóðritanir á öllum sinfóníum Beethovens sem hafa hlotið frábæra dóma og fjölda viðurkenninga, meðal annars Grammy-tilnefningu fyrir besta hljómsveitarflutning árið 2008. Hann hefur m.a. stjórnað Minnesota-hljómsveitinni á Proms-hátíðinni 2010 og margsinis í Carnegie Hall. Í *New York Times* sagði um Beethoven-hringinn undir stjórn Vänskä að hér væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma,“ og *Musical America* útnefndi hann nýlega hljómsveitarstjóra ársins fyrir afrek sín.

Vänskä var aðalstjórnandi Lahti-sinfóníuhljómsveitarinnar frá 1988 og er nú heiðursstjórnandi hennar. Undir stjórn hans varð hljómsveitin ein sú fremsta í Finnlandi. Hún hlaut verðskuldaða athygli fyrir hljóðritanir sínar á hljómsveitarverkum Sibeliusar, og kom fram á tónleikum m.a. í London, Vínarborg og New York.

Vänskä hefur auk þess stjórnað fjölda annarra hljómsveita í fremstu röð, m.a. sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og San Francisco, filharmóníuhljómsveitunum í Berlín og New York, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Cleveland-hljómsveitinni og Orchestre de Paris.

Vänskä hóf feril sinn sem klarínettuleikari og lék m.a. í filharmóníuhljómsveitunum í Helsinki og Turku. Hann nam hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Jorma Panula við Sibeliusarakademiuna og hlaut fyrstu verðlaun í Besançon-stjórnandakeppninni árið 1982. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1993-96 og stýrði hljómsveitinni m.a. á merkum tónleikum í Carnegie Hall árið 1996. Þá var Vänskä aðalstjórnandi BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi á árunum 1997-2002.

Helena Juntunen

einsöngvari



Finnska söngkonan Helena Juntunen hefur hlotið mikið lof undanfarin misseri fyrir túlkun sína á mörgum helstu sópranhlutverkum sögunnar. Hún þreytti nýverið frumraun sína við óperuna í Lyon, bæði sem greifafrúin í *Brúðkaupi Fígarós* og Donna Elvira í *Don Giovanni*. Meðal annarra hlutverka hennar má nefna Marie í *Wozzeck*, Zdenka í *Arabella* eftir Richard Strauss, og Paminu í *Töfraflautu* Mozarts, en það hlutverk hefur hún meðal annars sungið undir stjórn Daniels Harding við hátíðina í Aix-en-Provence, undir stjórn René Jacobs í La Monnaie, sem og við Theater an der Wien og Þjóðaróperuna í Dresden.

Juntunen hefur vakið sérstaka athygli fyrir túlkun sína á söngverkum Sibeliusar, og má nefna að Osmo Vänskä bauð henni að syngja *Luonnotar* með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna árið 2010 við mikla hrifningu gagnrýnenda. Þá hefur hún hljóðritað fjölda verka eftir Sibelius fyrir BIS-útgáfuna.

Juntunen hefur um árabil komið fram við Finnsku þjóðaróperuna, meðal annars sem Micaela í *Carmen*, Sophie í *Rósariddaranum* og Mimi í *La bohème*. Á tónleikapalli hefur hún sungið *Draum á Jónsmessunótt* á Luzern-hátíðinni undir stjórn Vladimirs Jurowski, og *Þýska sáluessu* eftir Brahms ásamt Fílharmóníuhljómsveit Berlínar undir stjórn Donald Runnicles. Síðastliðið sumar söng hún í *Missa solemnis* eftir Beethoven á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall, undir stjórn Sir Colin Davis.

Alban Berg

Sieben frühe Lieder



Fyrstu ár 20. aldarinnar voru umbrotatímar í tónlistinni; krómatíkin í óperum Wagners hafði gífurleg áhrif á yngri kynslóðina og nú voru hefðbundnir hljómar og form á undanhaldi. Í Vínarborg störfuðu nokkur tónskáld sem nálguðust óðum hengiflug tóntegundaleysisins, ekki síst Arnold Schönberg og tveir ungir lærisveinar hans, Anton Webern og Alban Berg (1885-1935). Þótt Berg tilheyrði „seinni Vínarskólanum“ eins og hann hefur oft verið nefndur, þá var hann ekki síður rómantíker og náði í verkum sínum furðanlega góðu jafnvægi milli ástríðufullrar ljóðrænu og hins óræða módernisma sem varð djarfari með hverju árinu sem leið.

Berg var fæddur í næsta nágrenni Stefánskirkjunnar í Vínarborg, lærði á píanó sem barn og fór snemma að semja sönglög. En það var ekki fyrr en árið 1904 sem hann hóf formlegt tónlistarnám, hjá Arnold Schönberg sem hafði auglýst eftir nemendum í einu af dagblöðum borgarinnar. Til að byrja með snerist námið um hljómfræði og kontrapunkt, en árið 1907 fór hann í fyrsta eiginlega tónsmíðatímamann. Schönberg sagði síðar frá því að þegar Berg kom til sín fyrst hafi það verið honum „fullkomlega ómögulegt að semja nokkuð nema sönglög. Hann átti í mesta basli með að láta sér detta í hug stef eða stuttan kafla fyrir hljóðfæri eingöngu.“ Því var Berg tafarlaust gert að semja ógrynni af menúettum, tilbrigðum og öðrum smáverkum, og árið 1910 gaf hann stoltur út sinn fyrsta ópus, píanósónötuna op.1. Allt erfiðið hafði sannarlega skilað árangri.

Það var ekki fyrr en löngu síðar sem Berg ákvað að gefa út nokkra æskusöngva sem höfðu fram að því fæstir hljómað opinberlega. Hann hafði úr nógu að velja – yfir 80 lög fyrir söngrödd og píanó urðu til á fyrstu tónsmíðaárum hans – og árið 1928 kom út á prenti úrval sjö laga sem gefa heillandi sýn á þróun hans sem tónskálds. Í sumum má greina áhrif Schönbergs, ekki síst í þétttri mótívískri uppbyggingu, en annars eru áhrifavaldarnir hér ekki síður Debussy (heiltónaskalar í *Nacht*), Brahms (íhaldssöm ljóðræna í *Die Nachtigall*), Wagner (sveimandi krómatískur hljómagangur) og Gustav

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sjö æskusöngvar Albans Berg hafa hljómað fimm sinnum áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, oftast en nokkuð annað verka hans. Bandaríska sópransöngkonan Sylvia Stahlman söng þá árið 1963 undir stjórn Williams Strickland, en síðan hafa flutt lagaflokkinn þær Sieglinde Kahmann (1977), Ólöf Kolbrún Harðardóttir (1985), Marta Guðrún Halldórsdóttir (1988) og Hanna Dóra Sturludóttir (2002). Þá hefur lagaflokkurinn hljómað margfalt hér á landi í upprunalegri gerð fyrir söngrödd og píanó.

Mahler. Áhrif þess síðastnefnda koma ekki síst fram í hljómsveitarútsetningunni, enda var Berg orðinn reyndur óperusmiður árið 1928 og vissi allt um meðferð sinfóníuhljómsveitar. Hér sækir hann margt í smíðju Mahlers, ekki síst það að hægt sé að skapa nýjan hljóðheim fyrir hvert einasta lag með því að nota sífellt nýja samsetningu hljóðfæra, rétt eins og Mahler hafði gert í hinum stórkostlegu lagaflokkum sínum.

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 6



Þegar Gustav Mahler (1860–1911) setti tvístrikið aftan við sjöttu sífóníu sína haustið 1904 gekk honum allt í haginn. Hann var aðalstjórnandi Vínaóperunnar og þar með einn áhrifamesti tónlistarmaður álfunnar, og var kvæntur hinni fögru og hæfileikaríku Ölmu Schindler sem hafði alið honum tvær heilbrigðar dætur með skömmu millibili. Lífið brosti við hinu rúmlega fertuga tónskáldi og hljómsveitarstjóra. Þó dvelur sjötta sífónía Mahlers í heimi óreiðu og örvæntingar. Drunginn er á köflum hreinlega yfirþyrmandi, og þá sjaldan birtir til er eins og vonirnar séu jafnóðum troðnar niður í svaðið.

Sumarið 1904 lauk Mahler einnig við tvo síðustu *Barnadauðasöngva* sína, við ljóð sem skáldið Friedrich Rückert orti eftir að börn hans létust úr skarlatsótt. Sagt er að Ölmu hafi þótt nóg um hið drungalega inntak í tónverkum sumarsins. Sjálfur lýsti Mahler því hvernig „hetja“ sjöttu sífóníunnar verður í lokarættinum fyrir þremur „þungum höggum örlaganna, og hið þriðja fellir hana eins og tré er fellt“. Örlagahögginn þrjú dundu á Mahler sjálfum skömmu síðar: eldri dóttir hans lést af skarlatsótt, hann sagði lausu starfi sínu við Vínaóperuna eftir mikið fár, og fyrir einskæra tilviljun uppgötvaði heimilislæknir hjónanna að Mahler var alvarlega hjartveikur og dauðvona. Alma hélt því æ síðan fram að sjötta sífónían væri sjálfsævisaga eiginmanns síns í tónum, samin fram í tímann.

Inntak sífóníunnar fékk líka mjög á Mahler sjálfan. Vinir hans og samferðamenn fundu að hann samsamaði sig hinu nýja verki á óvenjulegan hátt. Eftir lokaæfinguna er sagt að hann hafi „þrammað fram og aftur í búningsherberginu, kjökrandi, með hendurnar sífellt á iði, varla með sjálfum sér“. Frumflutningurinn á tónlistarhátíð í Essen í maí 1906 gekk hörmulega, enda sagði Mahler sjálfur: „Í sjöttu sífóníunni leynast gátur sem ekki verða leystar fyrr en heil kynslóð hefur öðlast skilning á fyrstu fimm sífóníum mínum.“

Af hinu ytra borði að dæma mætti halda að sjötta sinfónían væri fremur hefðbundin. Mahler hverfur aftur til hins hefðbundna fjórþátta sinfóníuforms sem hann hafði forðast síðan í fyrstu sinfóníunni: sú fimmta er í fimm köflum og sú þriðja í sex, í annarri og þriðju sinfóníunni eru einsöngvarar og kór, og sópransólisti í þeirri fjórðu. Hverjum hlustanda ætti þó fljótlega að vera ljóst að sú sjötta er engin venjuleg sinfónía. Það sem hefur einna helst vakið athygli manna er hvernig Mahler, svo vitnað sé í franska tónlistarfræðinginn Henry Louis de la Grange, „innsiglar hina neikvæðu, bölsýnu eiginleika verksins með hljómagangi sem gengur öfugt á það sem oftast heyrst: dúr-hljómur verður að moll, ljós að myrkri“. Þessir tveir örlagaríku hljómar koma fyrir hvað eftir annað í verkinu og oftast fylgir þeim slagverkssláttur, eins og innsigli dauðans.

Fyrsti þáttur sinfóníunnar hefst á grimmum og vægðarlausum marsrytma, og aðalstefið – í fiðlum við þrumandi undirleik horna – er einkar afgerandi. Það heyrst tvisvar áður en tónlistin deyr út, og þá heyrum við hinn örlagaríka dúr-moll hljómagang í fyrsta sinn. Því næst tekur við nýtt stef í tréblásurum, veikt og blítt, í hægum nótnagildum, og hljómar ekki ósvipað sálmalagi. En eitthvað er ekki eins og það á að vera. Svo aftur sé vitnað í de la Grange, þá er eins og „sálmalagið hafi verið rænt hefðbundnu inntaki sínu, hljómarnir eru sérkennilegir og yfirbragðið stíft. Ólíkt glaðbeittum sálmalögum sem eru iðulega hápunktar í sinfóníum Antons Bruckners eru þessar hendingar eins og undir neikvæðum formerkjum.“

Að endingu tekur hljómsveitin þó við sér og leikur ástleitnar fiðluhendingar sem eru kærkomin hvíld frá marseringum og sálmalögum. Samkvæmt Ölmum Mahler var þetta ein fyrsta hugmyndin að sinfóníunni sem Mahler skrifaði niður. „Hann kom og sagði að hann hefði reynt að lýsa mér í stafi. „Ég veit ekki hvort mér hefur tekist það“, sagði hann, „en þú verður nú að þola það engu að síður“.Í miðhluta þáttarinnar

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður flutt 6. sinfóníu Mahlers, í maí 2006 undir stjórn Alexanders Vedernikov. Áður hafði Sinfóníuhljómsveit æskunnar flutt verkið undir stjórn Pauls Zukofsky, í janúar 1989.

hljómar marsinn á ný, en síðan kveður við nýjan tón. Við sindrandi strengjaleik á hæsta tónsviði og endurminningu um sérkennilega sálmalagið heyrast kúabjöllur úr fjarska. Nú kippir Mahler okkur úr óreiðu hversdagsins og upp í Alpafjöllin þar sem hann samdi sinfóníur sínar. Nótunum fylgir athugasemd tónskáldsins um að kúabjöllurnar verði að hljóma „veikt og varfærnislega, eins og raunsæ eftirlíking hárra og lágra bjöllutóna hjarðar í haga“. En sveitasælan varir ekki lengi. Togstreitan milli marséringanna og Ölmú-stefsins magnast eftir því sem líður á kaflann, en þó hefur ástleitna stefið yfirhöndina þegar yfir lýkur.

Mahler var lengi í vafa um hvort scherzóið ætti að vera annar þáttur sinfóníunnar eða sá þriðji, eins og almennt tíðkast í sinfóníska forminu. Í handriti Mahlers er scherzóið nr. 2, en hann fékk bakþanka eftir frumflutninginn og víxlaði miðþáttunum þegar sinfónían var flutt í München 1906 og í Vínnarborg 1907. Scherzóið er grimmilegur dauðadans, en þó má deila um hvort dansinn sem slíkur komist nokkurn tímann á flug. Það er í hverju falli eitthvað sérkennilega tvístígandi við dans sem leggur sífellt áherslu á þriðja slag taktsins en ekki það fyrsta, og getur í ofanálag aldrei haldið sig í upphaflegu takttegundinni - 3/4 - heldur skiptir yfir í fjórskiptan takt af minnsta tilefni. Hvað formið varðar leitar Mahler hér í smiðju Beethovens, sem í sjöundu sinfóníu sinni samdi scherzó með þar sem tríókaflinn - miðhluti þáttarins - kemur ekki fyrir einu sinni heldur tvisvar.

Eftir slíka tónlist er hægi þátturinn kærkomin hvíld. En hann er brothættur engu að síður, og draumkennd Útópíustemningin breytist hvað eftir annað í tregafullan sorgarsöng. Jafnvel í upphafsstefinu eru tónar sem ekki passa inn í tóntegundina og gefa því dapurt yfirbragð. Eftir því sem líður á kaflann er þó eins og Mahler leggi tvíræðni upphafstaktanna til hliðar. Um miðbikið heyrast aftur í kúabjöllum fyrsta

kaflans, og að loknum ástríðufullum hápunktinum lýkur þættinum í friðsælum Es-dúr, með himneskum hörpuslætti og selestuhljómum.

Hamfarir lokapáttarins verða enn átakanlegri fyrir vikið. Aldalöng hefð er fyrir því að moll-sinfóníur geti endað í dúr. Við það fær lokapátturinn oft á sig einhvers konar sigurbæ, eins og „hetjan“ (þ.e. tónskáldið/hlustandinn) hafi sigrast á þeim erfiðleikum sem glímt var við í fyrri þáttum verksins. Þetta er raunin í sinfóníum Mahlers nr. 2 og 5: báðar byrja í moll en enda í dúr. En slíkt er aldeilis ekki uppi á teningnum hér. Lokapátturinn er einn lengsti samfelldi hljómsveitarkafli Mahlers, og hann er í senn djarfur og átakanlega drungalegur. Inn í þokukennda upphafstaktana brýst glaðbeittur dúr-hljómur sem breytist í moll við þrumandi pákuslátt – fyrsta „hamarshögg örlaganna“ sem Mahler nefndi sjálfur. Tónlistin er nokkra stund að ná áttum; stefjabútar úr fyrri köflum snúa aftur og kúabjöllur sömuleiðis, en allt virðist stefnulaust um stund. Drungalegt sálmalag hljómar í hornum, túbu og fagottum, enn sérkennilegra en það sem heyrðist í upphafsþættinum. Þá sjaldan tónlistin virðist stefna á rétta braut kastar Mahler okkur miskunnarlaust út í ystu myrkur – ýmist með dúr/moll-hljómaskiptum eða „gabbendi“, þegar skyndilega er breytt um stefnu í lokahljómi. Undir lok kaflans hljóma upphafstaktarnir á nýjan leik og leiða inn í takta þar sem fjórar básúnur kallast á með veikum hendingum. Þegar allt virðist um garð gengið rekur hljómsveitin upp örvæntingarfullt öskur, þrumandi a-moll hljóm sem deyr út í tómið. Leiknum er tapað, uppgjöfin er algjör.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFFSSON

Söngtextar

Sieben frühe Lieder

1. Nacht

Dämmern Wolken über Nacht und Tal,
Nebel schweben, Wasser rauschen sacht.
Nun entschleiert sich's mit einemmal:
O gib acht! Gib acht!

Weites Wunderland ist aufgetan.
Silbern ragen Berge, traumhaft groß,
stille Pfade silberlicht talan
aus verborgnem Schoß;

und die hehre Welt so traumhaft rein.
Stummer Buchenbaum am Wege steht
schattenschwarz, ein Hauch vom fernen Hain
einsam leise weht.

Und aus tiefen Grundes Dusterheit
blinken Lichter auf in stummer Nacht.
Trinke Seele! Trinke Einsamkeit!
O gib acht! Gib acht!

Carl Hauptmann

Sjö æskusöngvar

1. Nótt

Rökkvast ský yfir nótt og dal,
þokur líða, vötn niða hljótt.
Nú rofar til í einni svipan:
Ó gættu að! Gættu að!

Víðfaðma undraland lýkst upp.
Háreist gnæfa silfruð draumkennd fjöll,
friðsælir stígar silfurbjartir
úr leyndu skauti dalsins;

og veröldin göfug og hrein sem í draumi.
Þögult beykitré stendur við veginn
skuggasvart, andvari frá fjarlægum lundi
líður einmana og hljótt.

Og úr djúpri dimmu landsins
blika ljós um þegjandi nótt.
Drekk þú, sál! Drekk þú einveruna!
Ó gættu að! Gættu að!

2. Schilflied

Auf geheimem Waldespfade
schleich' ich gern im Abendschein
an das öde Schilfgestade,
Mädchen, und gedenke dein!

Wenn sich dann der Busch verdüstert,
rauscht das Rohr geheimnisvoll,
und es klaget und es flüstert,
daß ich weinen, weinen soll,

und ich mein', ich höre wehen
leise deiner Stimme Klang,
und im Weiher untergehen
deinen lieblichen Gesang.

Nikolaus Lenau

3. Die Nachtigall

Das macht, es hat die Nachtigall
die ganze Nacht gesungen;
da sind von ihrem süßen Schall,
da sind in Hall und Widerhall
die Rosen aufgesprungen.

2. Sefljóð

Á leyndum skógarstíg
læðist ég oft í kvöldskini
niður að auðum sefbakkanum,
stúlka, til að hugsa um þig!

Svo, þegar myrkur fellur á runna,
gnauðar sefið leyndardómsfullt,
og það kveinar og það hvíslar
að ég skuli gráta, gráta.

Og mér finnst ég heyra hljóminn
af rödd þinni berast á blænum
og unaðslegan söng þinn
farast í tjörninni.

3. Næturgalinn

Það er af því að næturgalinn
hefur sungið alla nóttina;
af ljúfum rómi hans,
í hljómi hans og endurhljómi,
eru rósirnar sprungnar út.

Sie war doch sonst ein wildes Blut;
nun geht sie tief in Sinnen,
trägt in der Hand den Sommerhut
und duldet still der Sonne Glut,
und weiß nicht, was beginnen.

Das macht, es hat die Nachtigall
die ganze Nacht gesungen;
da sind von ihrem süßen Schall,
da sind in Hall und Widerhall
die Rosen aufgesprungen.

Theodor Storm

4. Traumgekrönt

Das war der Tag der weißen Chrysanthemen,
mir bangte fast von seiner Pracht ...
und dann, dann kamst du mir die Seele nehmen
tief in der Nacht.

Mir war so bang, und du kamst lieb und leise,
ich hatte grad im Traum an dich gedacht.
Du kamst, und leis' wie eine Märchenweise
erklang die Nacht.

Rainer Maria Rilke

Endranær var hún gáskafullur unglingur;
nú gengur hún djúpt hugsí,
ber sumarhatt í hendi sér
og afber hljóð glóandi sólskinið
og veit ekki hvað hún á að taka sér fyrir hendur.

Það er af því að næturgalinn
hefur sungið alla nóttina;
af ljúfum rómi hans,
í hljómi hans og endurhljómi,
eru rósirnar sprungnar út.

4. Draumkóróna

Þetta var dagur hvítra tryggðablóma,
mér ægði næstum dásemd hans ...
Og þá, þá komst þú til að nema á brott sál mína
um miðja nótt.

Mér var svo órótt, og þú komst ljúft og hljótt,
ég hafði fyrir skemmstu hugsað um þig í draumi.
Þú komst, og hljótt eins og ljóð úr ævintýri
ómaði nóttin.

5. Im Zimmer

Herbstsonnenschein.
Der liebe Abend blickt so still herein.
Ein Feuerlein rot
knistert im Ofenloch und loht.

So! Mein Kopf auf deinen Knie'e'n,
so ist mir gut.
Wenn mein Auge so in deinem ruht,
wie leise die Minuten zieh'n.

Johannes Schlaf

6. Liebesode

Im Arm der Liebe schliefen wie selig ein.
Am offenen Fenster lauschte der
Sommerwind,
und unsrer Atemzüge Frieden
trug er hinaus in die helle Mondnacht.

Und aus dem Garten tastete zagend sich
ein Rosenduft an unserer Liebe Bett
und gab uns wundervolle Träume,
Träume des Rausches, so reich an Sehnsucht.

Otto Erich Hartleben

5. Innandyra

Haustsólarskin.
Hið ljúfa kvöld lítur svo hljóðlega inn.
Eldurinn rauður
snarkar í ofninum og logar.

Svona! Höfuð mitt hvílir á hnjám þér,
svona líður mér vel.
Þegar augun mín dveljast við augun þín,
hve undurhljótt líða mínúturnar hjá.

6. Ástaróður

Í örmum ástarinnar sofnuðum við sæl.
Við opinn gluggann lá sumarvindurinn
á hleri
og bar friðsælan andardrátt okkar
út í bjarta tunglskinsnótt.

Og úr garðinum laumaðist hikandi
rósailmur að beði ástar okkar
og færði okkur dýrðlega drauma,
drauma um sjálfsgleymi auðugt af þrá.

7. Sommertage

Nun ziehen Tage über die Welt,
gesandt aus blauer Ewigkeit,
im Sommerwind vergeht die Zeit.
Nun windet nächstens der Herr
Sternenkränze mit seliger Hand
über Wander- und Wunderland.

O Herz, was kann in diesen Tagen
dein hellstes Wanderlied denn sagen
von deiner tiefen, tiefen Lust:
Im Wiesensang verstummt die Brust,
nun schweigt das Wort, wo Bild um Bild
zu dir zieht und dich ganz erfüllt.

Paul Hohenberg

7. Sumardagar

Nú líða dagar yfir heiminn,
boðberar blárrar eilífðar,
og tíminn feykist burt í sumarvindi.
Nú bindur Drottinn sælli hendi
stjörnusveiga á nóttunni
yfir undralandi sem ég geng.

Hjarta, hvað getur á þessum dögum
þjartasti ferðasöngur látið í ljós
af hinni djúpu gleði þinni:
Brjóstið hljóðnar við söng engjanna,
nú þegja orðin, þegar sýn eftir sýn
flykkist til þín og fyllir þig sælu.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Á döfinni



Hilary snýr aftur 9.2. 19:30

Bandaríska fiðlustjarnan, Hilary Hahn sló í gegn með Sinfóníuhljómsveitinni í fyrra og lét strax í ljós ósk sína að leika í Hörpu. Hún hefur leikið hinn sólríka fiðlukonsert Mozarts, *Fiðlukonsert nr. 4* víða um heim við frábærar undirtektir. Hin magnþrungna *Sinfónía nr. 11* eftir Sjostakovitsj hefur verið kölluð „kvikmyndatónlist án kvikmyndarinnar“. Hún lýsir því þegar Rússakeisari sigaði hermönnum sínum á mótmælendur í Pétursborg árið 1905, en þótt tónlistin vísi í sögulega atburði sagði Sjostakovitsj að verkið fjallaði í raun um efni sem stæði samtímanum nærri. Claude Vivier þótti eitt efnilegasta tónskáld sinnar kynslóðar. Hann samdi *Orion* árið 1979 sem upphitun fyrir sitt stærsta verk, óperuna *Kopernikus*. Stjórnandinn Peter Oundjian lærði á fiðlu hjá Itzhak Perlman og var fyrsti fiðluleikari Tókyó-strengjakvartettsins um fjórtán ára skeið. Hann er nú aðalstjórnandi Skosku Þjóðarhljómsveitarinnar.

Eftirlætis barokk 23.2. 19:30

Þýska sópransöngkonan Simone Kermes er einstök í sinni röð. Vald hennar á röddinni er með eindæmum, jafnt í ljóðrænum söng sem hröðustu tónarunum, og hún syngur með þvílíkri innlifun að leitun er að öðru eins. Hún hefur sungið aríur eftir m.a. Händel og Vivaldi inn á tvo verðlaunadiska hjá Sony Classical sem hafa sópað að sér viðurkenningum, meðal annars Echo-, Midem- og Choc de la Musique-verðlaununum, auk þess sem nýjasti diskur hennar var valinn diskur mánaðarins hjá tímaritinu Gramophone. Kermes hlaut fyrstu verðlaun í Bach-keppninni í Leipzig árið 1996 og hefur síðan sungið í öllum helstu óperu- og tónleikahúsum heims við mikinn fögnuð. Stjórnandi og einleikari á tónleikunum er ítalski fiðluleikarinn Enrico Casazza.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

2. febrúar 2012

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Olga Björk Ólafsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Martin Frewer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Mark Reedman

2. FIDLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Greta Salome Stefánsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Maria Weiss
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Auður Ingvadóttir
Inga Rós Ingvólfsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir
Gillian Haworth

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Porkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Laszlo Czenek
Sturlaugur Jón Björnsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson
Baldvin Oddsson
Jóhann I Stefánsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is